



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

13. des. 2018 – Pistill nr. 45



Arna fékk aðstoð við bóklesturinn.



Velferðar- og menningamálanefnd stóð fyrir bókastund fyrir börn í Skjólbrekku síðasta mánudag. Alls mættu ríflega 40 manns í notalega samverustund. Arna Hjörleifsdóttir las upp úr einum af sínum uppáhalds barnabókum en hún hefur verið fastagestur á bókasafninu frá því hún var í leikskóla. Óvæntur gestur mætti á svæðið eda einn af jólasveinunum úr Dimmuborgum. Tilgangurinn með þessum viðburði var að kynna börnunum bókasafnið og hvetja þau (og foreldra) til að nýta sér þessa þjónustu. Bókasafnið er opið alla mánudaga frá kl. 15-19 og er í kjallara Skjólbrekku.

Mikilvæg stefnumótunarvinna í ferðapjónustu

Ekki fer á milli mála að ferðapjónustan gegnir lykilhlutverki í okkar samfélagi í dag. Við finnum það glögglega á rekstri sveitarfélagsins. Undanfarið misseri hefur verið unnið að stefnumótun í ferðapjónustu og liggja nú fyrir þrenns konar forsendugögn, þ.e. yfirlit yfir samráð við íbúa frá undanförunum misserum, yfirlit yfir staði, leiðir og svæðisþemu og loks afrakstur samráðsfunda í upphafi þessa árs. Stýrihópur sem settur var á laggirnar í haust heldur nú áfram með þessa vinnu í samstarfi við ráðgjafafyrirtækið Alta. Hluti stefnunnar mun skila sér inn í aðalskipulag. Hluti af stefnumótuninni verður að boða til íbúafundar til að kynna verkefnið og fá fram athugasemdir og frekari umræður því víðtækt samráð er lykilatriði í ferlinu. Áætlað er að þessi vinna taki nokkra mánuði. Íbúar eru líka hvattir til þess að senda inn ábendingar varðandi stefnumótunina í ferðapjónustu á netfangið

skutustadahreppur@skutustadahreppur.is

Nýr samningur vegna reksturs Náttúrustofu NA

Samningur Náttúrustofu Norðausturlands (NNA) við Skútustaðahrepp og Norðurþing til næstu fimm ára var kynntur á fundi sveitarstjórnar sem og fyrirbyggjandi breytingatillögur frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti (UAR) og Sambands íslenskra sveitarfélaga á samningsforminu. Breytingarnar miða að því að skerpa á samtalsformi milli UAR, stofnana þess og náttúrustofa, fjármögnun og fyrirkomulagi verkefna. Umhverfisnefnd Skútustaðahrepps gerði ekki athugasemdir við umræddar breytingatillögur og telur þær til þess

fallnar að styðja frekar við það mikilvæga hlutverk sem náttúrustofurnar sinna á rannsóknum og þekkingarmiðlun í heimahéraði. Nefndin leggur áherslu á aukna kynningu til íbúa á starfsemi stofunnar. Ennfremur leggur umhverfisnefnd til að samtalsvettvangur Umhverfisstofnunar, náttúrustofa og náttúruverndarnefnda (umhverfisnefnda) sveitarfélaga verði styrktur enn frekar. Sveitarfélög spila lykilhlutverk í umhverfismálum og er samtakamáttur þeirra mikilsverður, sem kjörið er að efla á umræddum vettvangi. Sveitarstjórn samþykkti samninginn samhljóða.

mikið um að vera og mættu hvorki fleiri né færri en um eitt þúsund manns í Dimmuborgir til að heilsa upp á jólasveinana. Er það eftir því sem næst verður komist algjört met. Hægt er að heimsækja þá alla daga fram að jólum milli kl. 11 og 13. Þá mætti fjöldi gesta í hið árlega jólabað jólasveinanna í Jarðböðunum þar sem jólasveinarnir fóru á kostum. Um liðna helgi var einnig jóla- og handverksmarkaður í Jarðböðunum og þar var aðsóknin einnig frábær og aldrei hafa fleiri mætti með handverk og góðgæti og úrvalið eftir því. Hér má sjá nokkrar myndir frá þessum skemmtilega viðburði.



Um eitt þúsund manns heimsóttu jólasveinana í Dimmuborgum um helgina.



Einar og Kolla í Haganesi buðu m.a. upp á rúgbrauð, kæfu og reyktan silung.



Jólasveinarnir voru hressir fyrir jólabaðið.

Met fjöldi heimsótti jólasveinana í Dimmuborgum og jólabaðið

Óhætt er að segja að menningin hafi blómstrað í Mývatnssveit á aðventunni. Um síðustu helgi var



Steinunn og hennar fólk frá Hellu seldi sitt heimareykta hangikjöt og fleira góðgæti sem rauk út.



Sólveig Pétursdóttir og Bergþóra Eysteinsdóttir ásamt Benedikt Þór Guðmundssyni með fjölbreytt úrval.



Hrönn Björnsdóttir með alls kyns varning og góðgæti.

Deiliskipulag Jarðbaðanna samþykkt

Sveitarstjórn samþykkti tillögu að breytingu deiliskipulags Jarðbaðanna með þeim skilyrðum að greinargerð verði breytt í samræmi við bókun skipulagsnefndar, annars vegar að framkvæmdir vegna gistihúss verði í samræmi við nýja stefnumörkun sveitarfélagsins í ferðaþjónustu, hins vegar að ekki verði samþykkt að byggja gististað umfram þær heimildir sem eru í núgildandi deiliskipulagi að sinni, þ.e. að hámarks grunnflatarmál þess hluta húss sem er ætlaður undir gistirekstur, sé 1.000 fermetrar og hámarksstærð 2.800 fermetrar þar sem talinn er með mögulegur kjallari.

Að auki setur sveitarstjórn skilyrði að framkvæmdaðili tryggji það og sýni fram á að niðurrennsli vatn berist ekki í grunnvatn við Mývatn og í Mývatn. Sveitarstjórn fól skipulagsfulltrúa að annast málsmeðferð vegna gildistöku tillaganna eins og skipulagslög mæla fyrir um.

Breytingar samþykktar á aðalskipulagi vegna Kröflulínu 3

Sveitarstjórn samþykkti að gerðar verði breytingar á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 vegna Kröflulínu 3. Breytingin felur í sér breytta legu á Kröflulínu næsta Kröflustöð og á Austraselsheiði ásamt því að fjórum nýjum efnistökusvæðum er bætt inn á aðalskipulag.

Sveitarstjórn samþykkti að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Kröfluvirkjunar vegna Kröflulínu 3 samhliða breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023.

Kröflulína 3 á að liggja frá Kröfluvirkjun austur í Fljótsdalsstöð. Hún fer um þrjú sveitarfélög; Skútustaðarhrepp, Fljótsdalshérað og Fljótsdalshrepp. Sveitarfélögin þurftu að breyta aðalskipulagi vegna línunnar og fulltrúi Landsnets sagði í fréttum RÚV fyrir nokkrum vikum að fyrirtækið teldi þá vinnu hafa gengið of hægt. Landsnet hafi óskað eftir þessum breytingun í janúar og sótt um framkvæmdaleyfi í sumar. Því er til að svara að sveitarfélögin þrjú hafa einfaldlega farið að settum reglum. Afgreiðsla málsins hefur gengið eins hratt fyrir sig og mögulegt er miðað við þau gögn sem legið hafa fyrir á fundum skipulagsnefndar í Skútustaðahreppi. Þá er rétt að benda á í þessu samhengi að afar mikilvægt er að vanda til verka í þessu ferli í ljósi reynslunnar með Kröflulínu 4 fyrir rúmum tveimur árum. Því valda ummæli fulltrúa Landsnets miklum vonbrigðum. Mikilvægi Kröflulínu 3 fyrir Austurland er mikið og því væri það furðulegt ef sveitarfélögin vilji tefja ferlið.

Menningarstyrkjum úthlutað

Velferðar- og menningarmálanefnd auglýsir tvisvar á ári styrki til menningarstarfs og úthlutar þeim með

hliðsjón af menningarstefnu sveitarfélagsins. Framlag til úthlutunar er ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar Skútustaðahrepps ár hvert. Umsóknarfrestur til seinni úthlutunar menningarstyrkja var til og með 20. nóvember s.l. Alls bárust fjórar umsóknir. Heildarupphæð til seinni úthlutunar samkvæmt fjárhagsáætlun er 500.000 kr. Velferðar- og menningarmálanefnd samþykkti að leggja til aðstyrkja eftirfarandi verkefni, sem sveitarstjórn staðfesti svo:

- Lake Mývatn Concert Series: Sumartónleikar og kórastefna við Mývatn. 200.000 kr.
- Músík í Mývatnssveit. Tónlistarhátíð. 200.000 kr.
- Garðar Finnsson og Hilda Kristjánsdóttir: Munnleg hefð í Mývatnssveit - Menningararfur sem má ekki glatast: 100.000 kr.



Íþróttamiðstöðin stóð fyrir adventuhreyfingu síðasta laugardag. Hvorki fleiri né færri en 62 mættu til leiks og gengu, hjóluðu eða skokkuðu vegalengd sem hæfði hverjum og einum. Að lokum var öllum safnað saman í íþróttasalnum þar sem dregnir voru út jólaglaðningar. Skemmtileg morgunstund og gaman að sjá hversu vel var mætt.

Rekstur leik- og grunnskóla 2017

Á fundi skóla- og félagsmálanefndar var lögð fram samantekt frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um rekstur leik- og grunnskóla á landinu árið 2017. Leikskólinn Ylur: Leikskólabörn 31, heilsdagsígildi 28,8. Stöðugildi 8,1 þar af leikskólakennarar 23,6%. Brúttó rekstrarkostnaður pr. heilsdagsígildi 1.850 m.kr. Hlutfall leikskólagjalda af rekstrarkostnaði sveitarfélagsins 9% sem er með því lægsta á landinu, vegið landsmeðaltal er 15%. Rekstrarútgjöld leikskóla sem hlutfall af skatttekjum voru 14%, vegið landsmeðaltal er 15%.

Reykjahlíðarskóli: Nemendur 33. Stöðugildi kennara 6, allt menntaðir grunnskólakennarar. Brúttó rekstrarkostnaður pr. nemenda (mínus innri leiga og skólaakstur) var 2.644 m.kr. pr. nemanda. Rekstrarútgjöld grunnskóla sem hlutfall af skatttekjum var 29%, vegið landsmeðaltal var 31%.

HRÓS DAGSINS...

Fá hjónin í Sel-Hótel, Yngvi Ragnar Kristjánsson og Ásdís Erla Jóhannesdóttir, fyrir að bjóða eldri borgurum í Mývatnssveit í glæsilegt jólahlaðborð á dögnum. Ríflega 40 eldri borgarar mættu og skemmtu sér vel og glöddumst yfir stórglæsilegum veitingum.



Vogafjós stóð fyrir skemmtilegum jólatónleikum á adventunni sem voru vel sóttir en aðgangur var ókeypis. Hera Björk mætti að vanda í Vogafjós með hátíðlega tónleika og þá var Guðrún Gunnarsdóttir með ljómandi skemmtilega tónleika þar sem þessi mynd var tekin.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförmu, m.a. fundi með fulltrúa Markaðsstofu Norðurlands, fulltrúum Þingeyjarsveitar vegna skipulags- og byggingamála, stýrihóp um stefnumótun í ferðapjónustu, umhverfisnefnd, skipulagsnefnd, velferðar- og framkvæmdanefnd, svo eitthvað sé nefnt.

Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjörapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur
Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri